

Nd.

92. Frumvarp til laga

[84. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 40 frá 23. apríl 1968.

Flm.: Albert Guðmundsson, Ólafur G. Einarsson, Matthías Bjarnason.

1. gr.

Skilgreining á orðinu bifreið í 2. gr. laganna orðist svo:

Bifreið: Vélknúíð ökutæki, sem aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga, svo og annarra nota, á almennum umferðarleiðum, ef það er gert til hraðari aksturs en 45 km á klst. án verulegra breytinga á því.

Í stað skilgreiningar á dráttarvél í sömu grein laganna komi:

Dráttarvél: Vélknúíð ökutæki, sem aðallega er ætlað til að draga annað ökutæki og ekki er gert til hraðari aksturs en 45 km á klst. án verulegra breytinga á því.

Vinnuvél: Vélknúíð ökutæki, sem aðallega er ætlað til að nota sem vinnutæki og er ekki ætlað til hraðari aksturs en 45 km á klst. án verulegra breytinga á því. Þar með talið: *Jarðýta*: Vélknúíð ökutæki á beltum eða hjólum, aðallega gert til losunar og flutnings jarðefna. *Hjólaskófla*: Vélknúíð ökutæki á hjólum, aðallega gert til lestunar og flutnings jarðefna. *Námuvagn*: Vélknúíð ökutæki á hjólum, sem ekki samrýmist takmörkunum 55. og 56. gr. laga þessara um þunga og breidd ökutækja og er aðallega ætlað til flutninga á jarðefnum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðari árum hefur notkun stórvirkra vinnuvéla við mannvirkjagerð aukist verulega og tækin orðið fjölbreyttari og fullkomnari. Við öflun slíkra tækja skiptir öllu máli að ljóst sé í hvaða flokk ökutækja viðkomandi tæki lendi, þar sem á því veltur um gjaldskyldu. Þess eru dæmi, að embættismenn, sem um þessi mál eiga að fjalla, komist að ólíkri niðurstöðu um hliðstæð tæki, en slíkt er með öllu ófært. Notkun námuvagns er torvelduð eða gerð ómöguleg ef skylt er að greiða þungaskatt af slíkum tækjum, enda þótt akstur á þjóðvegum væri óheimill, en dæmi er um að slíkur vagn hafi verið úrskurðaður bifreið, enda þótt akstur á vegum væri ekki heimilaður. Getur það varla verið ætlun löggjafans að koma í veg fyrir notkun stórvirkra vinnuvéla við mannvirkjagerð. Slíkt væri spor aftur á bak.

Hér er því lagt til að nánari skilgreining á ökutækjum verði tekin upp í umferðarlögum til þess að komast hjá þeirri óvissu og ósamræmi, sem hefur átt sér stað og valdið verulegum óþægindum og tjóni.

Þá er einnig lagt til, að hraðaviðmiðun sú, sem notuð er í lögnum í sambandi við bifreiðar, dráttarvélar og vinnuvélar, sé færð úr 30 km í 45 km á klst. Er það í samræmi við breytingar á hraðgengi slíkra vinnuvéla, sem framleiddar eru á síðari árum.